

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/37/01	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum .....	1
2017/EES/37/02	Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins .....	2
	3. EFTA-dómstóllinn	
2017/EES/37/03	Dómur dómstólsins frá 1. mars 2017 í máli E-10/16 – Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi	3
	<b>III ESB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/37/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8251 – Bite/Tele2/Telia Lietuva/JV) .....	4
2017/EES/37/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8416 – The Priceline Group/Momondo Group Holdings) .....	5
2017/EES/37/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8435 – FMC/DuPont Divestment Business) .....	6
2017/EES/37/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8437 – Stadler Rail/ÖBB-TS/Stadler Linz JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	7
2017/EES/37/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8452 – Suez/GE Water And Process Technologies) .....	8
2017/EES/37/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8470 – DAAM/InfraVia/FIH/AI) .....	9

<b>2017/EES/37/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8484 – Gasunie/Vopak/Oiltanking/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>10</b>
<b>2017/EES/37/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8487 – Lone Star/Nani Holdings/Novo Banco) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>11</b>
<b>2017/EES/37/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8495 – Cummins/Eaton Corporation/Eaton JV Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>12</b>
<b>2017/EES/37/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8505 – NN Group/ATP/Hotel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>13</b>
<b>2017/EES/37/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8508 – Engie/CDC/SolaireCorsica1-2-3) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>14</b>
<b>2017/EES/37/15</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8521 – SEGRO/PSPiB/SELP/CAT Site) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>15</b>
<b>2017/EES/37/16</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8526 – CPPiB/BTPS/Milton Park) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>16</b>
<b>2017/EES/37/17</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8532 – Blackstone Group/Sponda) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>17</b>
<b>2017/EES/37/18</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8535 – Itochu/Toppan Printing/Thung Hua Sinn/TPN Food Packaging) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	<b>18</b>
<b>2017/EES/37/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7746 – Teva/Allergan Generics)	<b>19</b>
<b>2017/EES/37/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7881 – AB Inbev/Sabmiller)	<b>19</b>
<b>2017/EES/37/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8475 – Softbank Group/Fortress Investment Group)	<b>20</b>
<b>2017/EES/37/22</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8476 – Oaktree/Vitanas)	<b>20</b>
<b>2017/EES/37/23</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8489 – Cinven/Eurovita)	<b>21</b>
<b>2017/EES/37/24</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8494 – Ardian France/Lasalle Investment Management/Europa)	<b>21</b>
<b>2017/EES/37/25</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8502 – Softbank/Bharti/Hon Hai/SB Energy)	<b>22</b>
<b>2017/EES/37/26</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8503 – Goldman Sachs/Eurazeo/Dominion Web Solutions)	<b>22</b>
<b>2017/EES/37/27</b>	Upphaf málsmeðferðar (mál M.8306 – Qualcomm/NXP Semiconductors)	<b>23</b>

<b>2017/EES/37/28</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. mars 2017 um málarekstur skv. 101. gr. sáttmálans um stjórnunarhætti Evrópusambandsins, 53. gr. EES-samningsins og 8. gr. samnings milli Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um flutninga í lofti (mál AT.39258 – Flugfarmur) .....	24
<b>2017/EES/37/29</b>	Orðsending þróunarmálaráðherra Ungverjalands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir tilboðum í sérleyfi .....	25
<b>2017/EES/37/30</b>	Auglýsing stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Tilkynning um 30. leyfisveitingalotu breskra stjórnvalda vegna olú- og gasvinnslu á hafsbotni – Olú- og gasstofnun – Lög um olúvinnslu 1998 .....	26
<b>2017/EES/37/31</b>	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH) .....	27

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2017/EES/37/01

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	16. mars 2017
Málsnúmer	80135
Ákvörðun	045/17/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	Noregur
Fyrirsögn (og/eða heiti mögulegra styrkþega)	Yara AS, Norcem AS, Klemetsrudanlegget AS og Statoil ASA
Lagastoð	Fjárlög ríkisins
Tegund aðstoðar	Einstakar aðstoðarráðstafanir
Markmið	Umhverfistengt
Aðstoðarform	Styrkur
Fjárveiting	360 000 000 norskra króna
Aðstoðarhlutfall	Allt að 100%
Gildistími	2017
Atvinnugreinar	Ýmsar
Heiti og pósthfang stofnunarinnar sem veitir aðstoð	Gassnova SF Dokkvegen 10, Porsgrunn Næringspark N-3920 Porsgrunn Noregur

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins****2017/EES/37/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

Dagsetning ákvörðunar	29. mars 2017
Málsnúmer	79248
Ákvörðun	064/17/COL
EFTA-ríki	Noregur
Hérað	
Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega)	
Lagastoð	Ákvörðun norska þingsins 14. desember 2015 og gr. 3-22 reglna nr. 1451 frá 11. desember 2001 um vörugjöld
Tegund aðstoðar	
Markmið	
Aðstoðarform	Engin aðstoð
Fjárveiting	
Aðstoðarhlutfall	
Gildistími	
Atvinnugreinar	
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð:	
Nánari upplýsingar	

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2017/EES/37/03

frá 1. mars 2017

í máli E-10/16

### Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi

*(EFTA-ríki vanefnir skuldbindingar sínar – Brestur á innleiðingu – Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði)*

Hinn 1. mars 2017 kvað dómstóllinn upp dóm í máli E-10/16, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Íslandi – KRAFA þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að Ísland hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. gerðinni sem vísað er til í lið 6a og 6e í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði), skv. aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn og skv. 7. gr. samningsins, með því að setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka 13. gr. gerðarinnar upp í íslenskan rétt, eða að minnsta kosti með því að láta hjá líða að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um innleiðinguna. Dóminn skipuðu dómarmenn Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson, og hljóða dómsorð sem hér segir:

Dómstóllinn kveður hér með upp eftirfarandi dóm:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að Ísland hafi, með því að setja ekki innan tilskilins tíma, ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að taka 13. gr. gerðarinnar, sem vísað er til í lið 6a og 6e í VIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, upp í íslenskan rétt, vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt gerðinni og skv. 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkinu er gert að greiða málskostnað.

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2017/EES/37/04

(mál M.8251 – Bite/Tele2/Telia Lietuva/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem UAB Bite Lietuva, sem lýtur yfirráðum Providence Equity, UAB Tele2, sem er hluti af Tele2 samstæðunni, og Telia Lietuva AB, sem er hluti af samstæðunni Telia Group, öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu fyrirtæki með fulla starfsemi sem er sameiginlegt félag („JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - UAB Bite Lietuva: farsímafjarskiptaþjónusta á heildsölu- og smásölustigi og smásala á handfrjálsum búnaði fyrir farsíma og spjaldtölvum og aukahlutum í Litháen.
  - UAB Tele2: farsímafjarskiptaþjónusta á heildsölu- og smásölustigi og smásala á handfrjálsum búnaði fyrir farsíma og spjaldtölvum og aukahlutum í Litháen.
  - Telia Lietuva AB: fastlínu- og farsímaþjónusta á sviði rafrænna fjarskipta á heildsölu- og smásölustigi í Litháen.
  - JV: farandreiðsluþjónusta við fyrirtæki og neytendur í Litháen.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 198, 22.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8251 – Bite/Tele2/Telia Lietuva/JV, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8416 – The Priceline Group/Momondo Group Holdings)**

2017/EES/37/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. og í kjölfar vísunar skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem The Priceline Group Inc. („The Priceline Group“, Bandaríkjum Ameríku) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Momondo Group Holdings Limited („Momondo Group“, Bretlandi).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - The Priceline Group: ferðaþjónusta og tengd þjónusta á netinu í 224 löndum og svæðum í Evrópu, Norður-Ameríku, Suður-Ameríku, Asíu-Kyrrahafssvæðinu, Miðausturlöndum og Afríku. Helstu vörumerki þess eru m.a. Booking.com, priceline.com, agoda.com, KAYAK, Rentalcars.com og Opentable.
  - Momondo Group: þjónusta í netferðaþjónustu á 35 alþjóðlegum mörkuðum, með sérstakri áherslu á Norðurlönd. Fyrirtækið á lýsileitarvefsetur, nánar tiltekið Cheapflights og Monondo.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 197, 21.6.2017). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8416 – The Priceline Group/Momondo Group Holdings, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8435 – FMC/DuPont Divestment Business)**

2017/EES/37/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. og í kjölfar vísunar skv. 5. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem FMC Corporation („FMC“, Bandaríkjunum), öðlast yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hluta fyrirtækisins E.I. du Pont de Nemours and Company („DuPont“, Bandaríkjunum) („Divestment Business“, fjárlosunarfyrirtækið).

Hin fyrirhugaða samfylking er hluti af samningi um kaup og sölu eigna sem DuPont og FMC gerðu 31. mars 2017, þar sem kveðið er á um kaup FMC á tilteknum þáttum í starfsemi DuPont, í samræmi við skuldbindingar um fjárlosun sem Dow Chemical Company („Dow“) og DuPont gengust undir í tengslum við málsmeðferð við eftirlit með samfylkingum fyrirtækja vegna fyrirhugaðs samruna Dow og DuPont (mál M.7932).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - FMC: sérnotaíðefnafyrirtæki sem starfar á heimsvísu með áherslu á landbúnaðar-, iðnaðar- og neytendamarkað.
  - Divestment Business: meirihluti í starfsemi DuPont á heimsvísu sem varðar skordýraeitur og illgresiseyði, auk rannsóknar og þróunar á sviði uppskeruverndar. Einnig er um að ræða einkanytjaleyfi á aðföngum á óblönduðu píkoxýstróbíni, virka efninu í sveppaeyði, sem notað er við samsetningu á óblandaðri eða blandaðri vöru til nota á hrísgrjón á EES-svæðinu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 197, 17.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8435 – FMC/DuPont Divestment Business, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/07****(mál M.8437 – Stadler Rail/ÖBB-TS/Stadler Linz JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin ÖBB-Technische Services-Gesellschaft GmbH („ÖBB-TS“, Austurríki) og Stadler Rail AG („Stadler Rail“, Sviss) öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar í Stadler Linz GmbH („Stadler Linz“, Austurríki).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ÖBB-TS: viðhald járnbrautarvagna, endurbætur á hlutum/íhlutum, bygging og rekstur járnbrautargrunnvirkja, þjónusta í tengslum við járnbrautaflutninga, framleiðsla og sala á járnbrautarvögnum.
  - Stadler Rail: viðhald lestarvagna, m.a. þjónusta vegna hluta, framleiðsla og sala á járnbrautarvögnum.
  - Stadler Linz: viðhald járnbrautarvagna.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 197, 28.4.2017). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8437 – Stadler Rail/ÖBB-TS/Stadler Linz JV, og eftirfarandi póstarítun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8452 – Suez/GE Water And Process Technologies)**

2017/EES/37/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Suez S.A. („Suez“, Frakklandi) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í vatns- og vinnslutæknistarfsemi GE Power („GE Water“, Bandaríkjunum).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Suez: veitir þjónustu í tengslum við stjórnun vatns, endurvinnslu, endurheimt frárennslis og þróun í þéttbýli.
  - GE Water: lausnir fyrir vatnsmeðhöndlun með efnum og búnaði fyrir iðnaðarstarfsemi og sveitarfélög.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 200, 23.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8452 – Suez/GE Water And Process Technologies, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/09****(mál M.8470 – DAAM/InfraVia/FIH/AI)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin Deutsche Alternative Asset Management (Global) Limited („DAAM“, Bretlandi), InfraVia Capital Partners („InfraVia“, Frakklandi), og Finanziaria Internazionale Holding S.p.A. („FIH“, Ítalíu), öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yferráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Agorà Investimenti S.p.a. („AI“, Ítalíu).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DAAM: stýring fjárfestinga og fjárfestingasjóða. Um er að ræða dótturfélag alfarið í eigu Deutsche Bank sem veitir fjármálaþjónustu um heim allan. DAAM stýrir m.a. óbeint TCR CapVest SA, sem er fyrirtæki sérhæft í aðdrætti á búnaði fyrir þjónustu á jörðu niðri sem styður við flugrekstur, m.a. leigu, viðhald, viðgerðaraðstoð og hlaðþjónustu og þjónustu í tengslum við flugvélaflota.
  - InfraVia: stjórnun sjóða sem leggja áherslu á grunnvirki í margvíslegum atvinnuvegum, m.a. flutningum, umhverfi, orku og félagslegum grunnvirkjum.
  - FIH: eignarhald fjárfestinga í fyrirtækjum sem starfa við fjárfestingabankaþjónustu og eignastýringu, útvistun viðskiptaferla og eigin viðskipti.
  - AI: eignarhald fjárfestinga í SAVE, móðurfélagi samstæðu sem er með samþætta starfsemi í farþegaflutningageiranum og sinnir aðallega starfsvettvangi í tengslum við flugvallarrekstur. SAVE á hagsmuni í rekstrarfélögum flugvalla í Feneyjum (IT), Treviso (IT), Verona (IT), Brescia (IT) og Charleroi (B). AI er sem stendur dótturfyrirtæki FIH.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 197, 21.6.2017). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni mál M.8470 – DAAM/InfraVia/FIH/AI, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/10****(mál M.8484 – Gasunie/Vopak/Oiltanking/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Gasunie LNG Holding B.V., dótturfyrirtæki N.V. Nederlandse Gasunie („Gasunie“, Hollandi), Vopak LNG Holding B.V., dótturfyrirtæki Koninklijke Vopak N.V. („Vopak“, Hollandi) og Oiltanking GmbH („Oiltanking“, Þýskalandi), dótturfélag Marquard & Bahls AG („M&B“), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Gasunie: Fyrirtæki í Evrópu á sviði grunnvirkja fyrir gas sem á og starfrækir rekstraraðila hollenska gasflutningakerfisins og afhendingarstað fyrir fljótandi jarðgas í Hollandi.
  - Vopak: sjálfstætt fyrirtæki sem annast aðdrætti á geymslutönkum og starfrækir tvo afhendingarstaði fyrir innflutning á fljótandi jarðgasi í Hollandi og Mexíkó.
  - Oiltanking: sjálfstæð geymsluþjónustuveita fyrir jarðolúvörur, efnagas og þurrvöru í lausu. M&B er ekki með aðra starfsemi á mörkuðum sem tengjast fljótandi jarðgasi.
  - Sameiginlegt félag (JV): mun eiga og reka afhendingarstað fyrir fljótandi jarðgas í norðurhluta Þýskalands.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 200, 23.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8484 – Gasunie/Vopak/Oiltanking/JV, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/11****(mál M.8487 – Lone Star/Nani Holdings/Novo Banco)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Lone Star Funds L.P. („Lone Star“, Bandaríkjum Ameríku) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í Novo Banco, S.A. („Novo Banco“, Portugal) í gegnum Nani Holdings, SGPS, S.A. („Nani Holdings“, Portugal). Novo Banco lýtur sem stendur yfirráðum Portuguese Resolution Fund.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Novo Banco: stofnað sem lögaðili og tímabundinn aðili við slit („bridge bank“) 3. ágúst 2014, í samræmi við ákvörðun Banco de Portugal, þar sem valdar eignir og skuldir Banco Espírito Santo („BES“, alhliða portúgalskur banki) voru yfirfærðar á grundvelli sömu skilameðferðarráðstöfunar og samþykkt var með ríkisaðstoðarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014 (SA.39250). Novo Banco er áfram alhliða banki þar sem fimm helstu viðskiptaeiningarnar eru: i) viðskiptabankastarfsemi heima fyrir, ii) eignastýring, iii) líffryggingar, iv) fjármálamarkaðir og v) alþjóðleg viðskiptabankastarfsemi.
  - Nani Holdings: dótturfélag 100% í eigu LSF Nani Investments S.à.r.l.
  - Lone Star: framtakssjóður sem fjárfestir um heim allan í fasteignum, hlutafé, lánnum og öðrum fjármunaeignum. Lone Star hefur skipulagt 17 sjóði utan um fjárfestingar í óskráðum eignum („Lone Star Funds“) frá því fyrsti sjóðurinn var stofnaður árið 1995.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 198, 22.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8487 – Lone Star/Nani Holdings/Novo Banco, og eftirfarandi póstarsítu:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/12****(mál M.8495 – Cummins/Eaton Corporation/Eaton JV Business)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem Cummins, Inc. („Cummins“, Bandaríkjum Ameríku) og Eaton Corporation („Eaton“, Írlandi) öðlast með hlutabréfakaupum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sameiningu yfirráð í hluta Eaton („Eaton JV Business“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Cummins: hönnun, framleiðsla, dreifing og umsýsla véla og tengdra vara um heim allan.
  - Eaton: orkunýtnar lausnir við stjórnun á rafafli, vökvaafli og vélrænu afli, m.a. framleiðsla og sala á sjálfskiptingu í atvinnuökutæki.
  - Eaton JV Business: aðdrættir og þróun sjálfskiptinga í þung og meðalþung atvinnuökutæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 197, 17.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni M.8495 – Cummins/Eaton Corporation/Eaton JV Business, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjóð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2017/EES/37/13****(mál M.8505 – NN Group/ATP/Hotel)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júní 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið NN Group N.V. („NN Group“, Hollandi), í gegnum dótturfyrirtæki sem jafnframt er alfarið í eigu þess, REI Germany B.V., („REI“, Hollandi), og Arbejdsmarkedets Tillægspension („ATP“, Danmörku), öðlast með hlutabréfakaupum óbeint í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í samstæðu bygginga í München, Þýskalandi, þar sem aðallega er um að ræða Holiday Inn hótél („Hotel“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - NN Group: alþjóðleg fjármálastofnun upprunnin í Hollandi sem býður fjárfestinga- og tryggingaþjónustu.
  - ATP: opinber lífeyrissjóður í Danmörku með 4,9 milljónir félaga og sem lýtur eftirliti danska fjármálaeftirlitsins. Sjóðurinn starfrækir fjölda félagsþjónustu- og almannatryggingakerfa sem leggja sitt af mörkum til þess að danskir borgarar geti notið grunnöryggis.
  - Hotel: bygging með nafni Holiday Inn sem er staðsett við Hochstraße 3, München, Þýskalandi ásamt tilheyrandi bílastæðum, veitingastöðum og frístundaadstöðu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóð. ESB (C 194, 17.6.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu), eða í pósti með tilvísuninni mál M.8505 – NN Group/ATP/Hotel, á eftirfarandi pósthfang:

